

## Alþingi

Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2022

### **Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um breytingu á húsaleigulögum nr. 36/1994 (skráning samninga og breytinga á leigufjárhæð). Þingskjal 273 - 272, mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. SFF hafa ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og fagna úrbótum þegar kemur að brunavörnum í leiguhúsnæði. Má þar sérstaklega nefna skyldu til að gera úttekt á brunavörnum samhliða gerð leigusamnings og við lok leigutíma þar sem niðurstaða verður skráð í sérstakan úttektarkafli í leigusamningi sem skilar sér væntanlega í opinberan húsnæðisgrunn húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Frumvarpið vísar ítrekað til skýrslu samráðsvettvangs um brunavarnir í íbúðarhúsnæði frá árinu 2020<sup>1</sup> sem SFF fékk að koma að. Ein tillaga samráðsvettvangsins var að lög um brunatryggingar yrðu tekin til heildstæðrar endurskoðunar m.a. með það í huga að útbúa hvata til brunavarn gegnum brunatryggingar. Í skýrslunni segir nánar tiltekið:

„Í samráðsvettvangnum fór jafnframt fram umræða um hvernig skapa mætti hvata til að bæta brunavarnir í gegnum brunatryggingar. Brunatrygging húseigna er skyldutrygging á Íslandi en er það ekki víðast hvar í Evrópu. Vátryggingafélög geta því ekki neitað að brunatryggja húsnæði ef brunavörnum er ábótavant. Fjallað er um brunatryggingar og forsendur brunabótamats í lögum um brunatryggingar nr. 48/1994 sem eru eldri en lög um brunavarnir nr. 75/2000 og hafa ekki fengið efnislega endurskoðun í um 20 ár. Fullt tilefni sé hins vegar til endurskoðunar laganna samhliða þeim tillögum sem nefndar eru í þessari skýrslu m.a. með það í huga að endurskoða forsendur brunabótamats og tengja við brunavarnir, betri upplýsingagjöf til vátryggingafélaga um notkun og brunavarnir íbúða á líftíma þeirra og möguleika vátryggingafélaga til að skerða bætur ef brunavörnum er ekki sinnt í samræmi við lög“

SFF vilja með þessari umsögn minna á mikilvægi þess að vátryggingafélagunum verði gert kleift að nálgast upplýsingar sem þessar úr húsnæðisgrunni þegar þeirra hefur verið aflað og kalla á að tillögu fyrrnefndrar skýrslu sem er númer 13 um endurskoðun laga um brunatryggingar verði einnig hrint í framkvæmd

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

<sup>1</sup> [Tillögur samráðsvettvangs um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu.pdf \(stjornarradid.is\)](#)